

Fundargerð

Árið 2026, fimmtudaginn 22. janúar kl. 08:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Friðjón Einarsson, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir og Hörður Hilmarsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni og Árna Sverri Hafsteinssyni sem ritaði fundargerð.

Theódóra S. Þorsteinsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Leiðrétting á 5. áætlun framlaga vegna málaflökks fatlaðs fólks fyrir árið 2025

Í kjölfar fundar ráðgjafarnefndar þann 20. janúar sl. kom í ljós að misskilnings gætti við túlkun gagna frá mennta- og barnamálaráðuneytinu (MRN) um framlög þess til sveitarfélaga vegna barna með fjölþættan vanda. Framlög ráðuneytisins höfðu verið dregin frá við útreikning framlaga Jöfnunarsjóðs vegna viðkomandi barna við útreikning áætlunarinnar. Í þeim gögnum sem lögð voru til grundvallar var ekki gert ráð fyrir því að kostnaðarþátttaka ráðuneytisins nam einungis tæplega 81% þess reiknaða kostnaðar sem féll til vegna þeirra barna sem framlög MRN grundvölluðust á. Af þessum sökum reyndist frádráttur vegna þessara barna of hár við útreikning áætlunarinnar. Lögð var fram leiðrétt áætlun þar sem gert var ráð fyrir minni kostnaðarþátttöku MRN.

Að lokinni umræðu samþykkti nefndin fyrir sitt leyti 5. áætlun almennra framlaga til málaflökks fatlaðs fólks sem úthlutun ársins 2025.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 08:35.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Friðjón Einarsson

Dan Jens Brynjarsson

Hrund Pétursdóttir

Hörður Hilmarsson